

Minnisblað

Varðandi: Kjarasamningar félags grunnskólakennara - bókun 1
Málsnr. 1701115
Dags.: 27. febrúar 2017

Í kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Félags grunnskólakennara árið 2014 voru gerðar breytingar á starfsumhverfi kennara og vinnumat innleitt í grunnskólum. Það er mat samningsaðila að breytingin hafi ekki alls staðar tekist sem skyldi. Í kjarasamningi sömu aðila þann 29. nóvember 2016 var gerð bókun nr.1 um að hvert sveitarfélag fari yfir innleiðingu samningsins ásamt fulltrúum kennara með það að markmiði að bæta framkvæmdina þar sem þörf er á og ná sátt um starfsumhverfið. Fyrir 1. júní 2017 á Akraneskaupstaður að skila lokaskýrslu til samningsaðila sem síðan kynni niðurstöðurnar fyrir sáttasemjara auk þess verður sáttasemjari upplýstur um framgang mála þrisvar sinnum á samningstímabilinu.

Markmið samningsaðila er að bæta framkvæmd skólastarfs og ná sátt við kennara um starfsumhverfið. Að tryggja að kennsla og undirbúningur hennar séu forgangsverkefni í skólastarfi og að létta álagi af kennurum þar sem það á við.

Framkvæmd greiningarinnar er með þeim hætti að hverju sveitarfélagi er falið að greina ítalega breytingar á starfsumhverfi kennara sem fylgdu kjarasamningi árið 2014. Áætlað er að innan hvers skóla fari fram rýning á kringumstæðum.

Bæjarstjóri Akraneskaupstaðar og sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs boðuð skólastjórnendur og trúnaðarmenn beggja skólanna til fundar þann 4. janúar sl. Markmið fundarins var að hefja undirbúning að vinnu við framkvæmd bókarinnar á Akranesi. Hópurinn myndar stýrihóp verkefnisins og hefur hann fundað þrisvar sinnum og lagt mat á stöðuna og unnið að tillögum að frekari framkvæmd. Hópurinn mun fylgja verkefninu eftir fram á vor. Í báðum grunnskólunum hefur þegar farið fram greiningarfundir með kennurum. Næstu skref er úrvinnsla úr gögnum og gerð umbótaáætlunar annars vegar fyrir skólana og hins vegar fyrir Akraneskaupstað.

Til þess að sem bestur árangur náist í framkvæmd bókarinnar sem mun leiða til enn betra skólastarfs á Akranesi, leggur sviðsstjóri til að bæjarráð fari sömu leið og mörg sveitarfélög í landinu og samþykki viðbótarfjármagn til verkefnisins.

Sviðsstjóri leggur til að samþykkt verði að viðbótagreiðslan verði kr. 1,5 milljón til verkefnisins, 750 þúsund fari til hvors skóla, sjá skýringatöflu hér að neðan.

Fjármagnið verður nýtt til að greiða fyrir vinnu stýrihóps kennara, til úrvinnslu úr rýnihópavinnu kennara, greiningar á niðurstöðum og gerð umbótaáætlana og fyrir kynningar

fyrir kennarahópin. Jafnframt fái skólastjóri 20 tíma fyrir þátttöku í vinnunni auk kostnaðargreiningar fyrir umbótaáætlun skólans og bæjarfélagsins. Ef skólastjórar telja að mikilvægt sé að fela aðstoðarskólastjórum verkefni tengd framkvæmdinni þá hafa þeir heimild til að nýta fjármagn sem skólinn hefur í fjárhagsáætlun skólans.

Gert er ráð fyrir að skóla- og frístundaráð og bæjarráð fái kynningu á framkvæmdinni og umbótaáætlunum skólanna þegar verkinu er lokið í vor. Þá mun sviðsstjóri jafnframt leggja fram ósk um fjármagn til þess að ná þeim markmiðum í umbótaáætlun sem kalla á viðbótarkostnað.

Yfirlit yfir áætlaðan kostnað við framkvæmd bókunar 1 í kjarasamningi Sambands ísl. sveitarfélaga og FG frá 29. nóvember 2016

Verkefni	Fjöldi kennara /tímar	Heildarfjöldi tíma kennara	Heildarfjöldi tíma skólastjóri	Heildar tímafjöldi
Úrvinnsla úr rýnihópavinnu kennara	3X4	12	4	16
Greining á niðurstöðum rýnihópavinnu	3 X4	12	4	16
Gerð umbótaáætlana - skólinn / bæjaryfirvöld	3X15	45		45
Kostnaðargreining fyrir skóla / fyrir bæjaryfirvöld			15	15
Kynning fyrir alla kennara skólans - Undirbúningur og framkvæmd	3X3	9	3	12
Tímamagn		78	26	104

Kostnaður kennara	78X6.000	468.000
Kostnaður v/ skólastjóra	26 X 5000	130.000
Upphæð pr. skóla		<u>598.000</u>

<u>Laun og launatengd gjöld</u>		<u>1.495.000</u>
--	--	-------------------------

Virðingarfyllst,

Valgerður Janusdóttir, sviðsstjóri